# Samherji hf.

## Árshlutareikningur
## 30. júní 2001

# Efnisyfirlit

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Skýrsla stjórnar og forstjóra .................. | 2 | | Efnahagsreikningur ............................... | 5 |
| Áritun endurskoðenda ........................... | 3 | | Yfirlit um sjóðstreymi ........................... | 7 |
| Rekstrarreikningur ................................ | 4 | | Skýringar .............................................. | 8 |

# Áritun stjórnenda

Árshlutareikningur Samherja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2001 er gerður með sambærilegum hætti og árshlutareikningur fyrra árs. Framsetningu á hlutdeild félagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlends dótturfélags hefur þó verið breytt með þeim hætti að fjárhæðir í efnahagsreikningi þess eru nú umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok júní, en fjárhæðir úr rekstrarreikningi eru umreiknaðar á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á endurmatsreikning. Áður voru reikningsskil erlends dótturfélags yfirfærð í íslenskar krónur miðað við hliðstæðar reikningsskilaaðferðir og forsendur sem gilda um reikningsskil hér á landi, svo sem við útreikning á áhrifum verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins. Hlutdeild félagsins í afkomu erlendra hlutdeildarfélaga er nú einnig reiknuð með sambærilegum hætti.

Tap félagsins á tímabilinu nam 345,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok þess nam 5.034,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.655,9 millj. kr. Eiginfjárhlutfall félagsins var 29,7% hjá samstæðunni en 30,1% hjá móðurfélaginu.

Í lok júní voru hluthafar 2.309. Þrír hluthafar áttu yfir 10,0% eignarhlut í félaginu, Kaupfélag Eyfirðinga svf. átti 18,8% Kristján Vilhelmsson átti 16,7% og Þorsteinn Már Baldvinsson átti 16,3%.

Stjórn og forstjóri Samherja hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2001 með undirritun sinni.

Akureyri 21. ágúst 2001.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Áritun endurskoðenda

Stjórn Samherja hf.

Við höfum kannað árshlutareikning Samherja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2001. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning og árshlutareikning móðurfélagsins. Hann greinist í rekstrareikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr, 1 -32. Árshlutareikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna félagsins og greiningu á hinum ýmsu liðum árshlutareikningsins. Slík skoðun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilunum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu og efnahag í lok þess, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Akureyri 21. ágúst 2001.

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.***

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2001

| | Skýr. | Samstæða 2001 1.1. - 30.6. | Samstæða 2000 1.1. - 30.6. | Móðurfélag 2001 1.1. - 30.6. | Móðurfélag 2000 1.1. - 30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | |
| Tekjur landvinnslu | | 3.058.383 | 1.329.098 | 3.058.383 | 1.232.498 |
| Tekjur útgerðar | | 2.964.141 | 3.135.948 | 2.774.629 | 2.135.154 |
| Afli til eigin vinnslu | | ( 716.243) | ( 288.810) | ( 716.243) | ( 288.810) |
| Vörusala | | 616.963 | 437.323 | 616.963 | 437.323 |
| Aðrar tekjur | | 65.507 | 84.158 | 50.371 | 27.875 |
| | | 5.988.751 | 4.697.717 | 5.784.103 | 3.544.040 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | |
| Framleiðslukostnaður | | 2.082.387 | 1.158.924 | 2.112.941 | 1.071.424 |
| Afli til eigin vinnslu | | ( 716.243) | ( 288.810) | ( 716.243) | ( 288.810) |
| Útgerðarkostnaður | | 1.991.141 | 2.318.550 | 1.857.297 | 1.376.253 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 578.135 | 428.312 | 578.135 | 428.312 |
| Útflutningskostnaður | | 304.949 | 170.013 | 300.233 | 132.760 |
| Stjórnunarkostnaður | | 136.142 | 166.698 | 126.385 | 87.158 |
| | | 4.376.511 | 3.953.687 | 4.258.748 | 2.807.097 |
| Hagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar | | 1.612.240 | 744.030 | 1.525.355 | 736.943 |
| Afskriftir | 2,11 | ( 497.898) | ( 443.765) | ( 477.781) | ( 277.647) |
| Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 1.114.342 | 300.265 | 1.047.574 | 459.296 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Vaxtatekjur og arður | | 19.205 | 48.404 | 19.200 | 47.510 |
| Hagnaður af sölu eigna í hlutdeildarfélögum | | | 201.649 | | 201.649 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 355.291) | ( 216.438) | ( 350.206) | ( 168.174) |
| Gengismunur | | ( 1.239.464) | ( 37.890) | ( 1.238.979) | ( 12.582) |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga | 2 | 290.800 | 129.979 | 290.800 | 63.522 |
| Áhrif dótturfélaga | 5,7,15 | | | ( 58.202) | 34.582 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 5,7,16 | ( 108.800) | ( 12.744) | ( 108.800) | ( 18.618) |
| | | ( 1.393.550) | 112.960 | ( 1.446.187) | 147.889 |
| (Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt | | ( 279.208) | 413.225 | ( 398.613) | 607.185 |
| Tekjuskattur | 6,22 | 53.608 | ( 208.727) | 53.608 | ( 208.727) |
| (Tap) hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta | | ( 225.600) | 204.498 | ( 345.005) | 398.458 |
| **Aðrar tekjur og (gjöld):** | | | | | |
| (Tap) hagnaður af sölu eigna að frádregnum tekjuskatti | 12 | ( 119.405) | 174.763 | | ( 19.197) |
| **(Tap) hagnaður tímabilsins** | 20,21 | ( 345.005) | 379.261 | ( 345.005) | 379.261 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Samstæða 2001 30.6. | Samstæða 2000 31.12. | Móðurfélag 2001 30.6. | Móðurfélag 2000 31.12. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | | | |
| Aflaheimildir | 8 | 3.383.350 | 3.364.125 | 2.715.933 | 2.739.539 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | | 782.153 | 744.802 | 782.153 | 744.802 |
| Fiskiskip | | 4.711.765 | 4.843.495 | 4.711.765 | 4.607.214 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 838.917 | 902.489 | 837.743 | 902.235 |
| | 10-14 | 6.332.835 | 6.490.786 | 6.331.661 | 6.254.251 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutur í dótturfélagi | 5,7,15 | | | 387.856 | 450.074 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 5,7,16 | 1.142.287 | 878.798 | 1.087.250 | 878.798 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 17 | 487.892 | 543.385 | 487.892 | 543.385 |
| Lán til dóttur- og hlutdeildarfélaga | 18 | 80.967 | 97.847 | 251.988 | 272.729 |
| Aðrar langtímakröfur | | 333.410 | 304.276 | 333.410 | 304.276 |
| | | 2.044.556 | 1.824.306 | 2.548.396 | 2.449.262 |
| Fastafjármunir | | 11.760.741 | 11.679.217 | 11.595.990 | 11.443.052 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | |
| Birgðir: | | | | | |
| Afurðir | 4 | 1.762.457 | 1.190.304 | 1.762.457 | 1.190.304 |
| Rekstrarvörur | 4 | 546.853 | 550.032 | 540.096 | 516.060 |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Viðskiptakröfur | | 1.278.483 | 1.147.080 | 1.278.483 | 1.147.080 |
| Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög | | 379.924 | 280.893 | 368.809 | 363.868 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 984.708 | 1.175.649 | 954.689 | 1.167.757 |
| Næsta árs afborganir af langtímakröfum | | 62.615 | 47.272 | 62.615 | 47.272 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 154.395 | 48.398 | 149.900 | 48.090 |
| Handbært fé | | 48.532 | 473.963 | 48.074 | 473.420 |
| Veltufjármunir | | 5.217.967 | 4.913.591 | 5.165.123 | 4.953.851 |
| **Eignir samtals** | | 16.978.708 | 16.592.808 | 16.761.113 | 16.396.903 |

## Skuldir og eigið fé

| | | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | 2001 30.6. | 2000 31.12. | 2001 30.6. | 2000 31.12. |
| **Eigið fé:** | | | | | |
| Hlutafé | 19 | 1.655.893 | 1.655.893 | 1.655.893 | 1.655.893 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | | 730.338 | 730.338 | 730.338 | 730.338 |
| Endurmatsreikningur | | 252.764 | 149.092 | 252.764 | 149.092 |
| Lögbundinn varasjóður | | 176.503 | 176.503 | 176.503 | 176.503 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.219.010 | 2.693.129 | 2.219.010 | 2.693.129 |
| Eigið fé | 20,21 | 5.034.508 | 5.404.955 | 5.034.508 | 5.404.955 |
| **Skuldbindingar:** | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 6,22 | 560.099 | 583.397 | 560.099 | 583.397 |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | |
| Skuldabréfalán | | 553.106 | 550.321 | 553.106 | 550.321 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 6.912.944 | 6.470.119 | 6.912.944 | 6.470.119 |
| | 23-25 | 7.466.050 | 7.020.440 | 7.466.050 | 7.020.440 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 1.505.318 | 1.496.607 | 1.307.854 | 1.323.459 |
| Viðskiptaskuldir | | 644.253 | 627.538 | 639.972 | 612.391 |
| Skuldir við hlutdeildarfélög | | 254.168 | 25.752 | 254.168 | 22.869 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 1.049.049 | 1.034.649 | 1.049.049 | 1.034.649 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 465.263 | 399.470 | 449.413 | 394.743 |
| | | 3.918.051 | 3.584.016 | 3.700.456 | 3.388.111 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 11.944.200 | 11.187.853 | 11.726.605 | 10.991.948 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 16.978.708 | 16.592.808 | 16.761.113 | 16.396.903 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 27,28 | | | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2001

| | Skýr. | Samstæða 2001 1.1. - 30.6. | Samstæða 2000 1.1. - 30.6. | Móðurfélag 2001 1.1. - 30.6. | Móðurfélag 2000 1.1. - 30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | | |
| (Tap) hagnaður tímabilsins | 20,21 | ( 345.005) | 379.261 | ( 345.005) | 379.261 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Tap (hagnaður) af sölu eigna að frádregnum tekjuskatti | | 119.405 | ( 376.412) | | ( 182.452) |
| Afskriftir | 2,11 | 497.898 | 443.765 | 477.781 | 277.647 |
| Verðbætur og gengismunur langtímaskulda og -krafna | | 1.082.729 | 125.302 | 1.082.730 | 83.551 |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga | 2 | ( 290.800) | ( 129.979) | ( 290.800) | ( 63.522) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 5,7,15,16 | 108.800 | 12.744 | 167.002 | ( 15.964) |
| Breyting skuldbindinga | 6,22 | ( 23.298) | 108.189 | ( 23.298) | 114.151 |
| Veltufé frá rekstri | | 1.149.729 | 562.870 | 1.068.410 | 592.672 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, (hækkun) | | ( 692.147) | ( 205.112) | ( 596.189) | ( 260.587) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 38.657) | 323.369 | ( 50.312) | 297.820 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 274.910 | 29.926 | 296.999 | 146.958 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 455.894) | 148.183 | ( 349.502) | 184.191 |
| Handbært fé frá rekstri | | 693.835 | 711.053 | 718.908 | 776.863 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 10 | ( 90.579) | ( 775.142) | ( 90.448) | ( 755.472) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 125.092 | 260.656 | 12.000 | 31.156 |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | | ( 197.163) | ( 391.752) | ( 197.163) | ( 388.971) |
| Söluverð eignarhluta í hlutdeildarfélögum | | | 1.320.452 | | 1.320.452 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum | | ( 49.915) | ( 292.618) | | ( 292.618) |
| Langtímakröfur, lækkun | | 61.567 | 8.832 | 61.567 | 22.406 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | ( 4.942) | ( 548.338) | ( 4.942) | ( 707.116) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 155.940) | ( 417.910) | ( 218.986) | ( 770.163) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | | |
| Arður til hluthafa | 20 | ( 248.357) | ( 96.228) | ( 248.357) | ( 96.228) |
| Tekin ný langtímalán | | | 215.298 | | 215.298 |
| Afborganir langtímalána | | ( 742.300) | ( 320.911) | ( 708.025) | ( 228.577) |
| Skammtímalán, hækkun | | 55.429 | 60.014 | 31.113 | 38.658 |
| Önnur breyting | | ( 28.099) | | | |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 963.327) | ( 141.827) | ( 925.269) | ( 70.849) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 425.432) | 151.316 | ( 425.347) | ( 64.149) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 473.964 | 196.270 | 473.421 | 75.798 |
| **Handbært fé lok tímabilsins** | | 48.532 | 347.586 | 48.074 | 11.649 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður sbr. þó skýringu 7. Félagið átti í lok júní eitt dótturfélag, Onward Fishing Company Ltd. Bretlandi, sbr. skýringu 15 og er það að fullu í eigu félagsins. Í samstæðureikningnum eru innbyrðis viðskipti og viðskiptastaða í lok júní milli móður- og dótturfélags ekki meðtalin.

2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu móðurfélagsins eru reiknuð og færð í árshlutareikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs innan tímabilsins, sem var 5,2%.

   Varanlegir rekstrarfjármunir móðurfélagsins og eignarhlutir í innlendum félögum, öðrum en hlutdeildarfélögum, eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til júníloka 2001. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi tímabilsins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir móðurfélagsins eru reiknuð og færð í árshlutareikninginn og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 290,8 millj. kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi móðurfélagsins eru á verðlagi í lok júní og rekstrarárangur tímabilsins á meðalverðlagi.

   Varanlegir rekstrarfjármunir dótturfélags eru færðir á kostnaðarverði í erlendri mynt miðað við gengi í lok tímabilsins að frádregnum afskriftum.

   Endurmatshækkun rekstrarfjármuna og verðbreytingarfærsla eru færð í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 20.

3. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar upp miðað við vísitölu í byrjun júlí 2001. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráðu gengi gjaldmiðla í júní 2001.

4. Birgðir afurða eru metnar á meðalframleiðslukostnaðarverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði. Veiðarfæri sem komin eru í notkun, eru metin á helmingi kaupverðs. Birgðabreyting fullunninna afurða er færð meðal rekstrartekna en birgðabreyting rekstrarvara er færð meðal rekstrargjalda.

5. Eignarhlutir í dótturfélagi og hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í bókfærðu eigin fé við kaup. Yfirverð erlends dótturfélags er gjaldfært á tuttugu árum enda tilheyrir það aflaheimildum og veiðileyfum. Yfirverð í innlendum hlutdeildarfélögum er gjaldfært á fimm til tólf árum.

   Árshlutareikningur erlends dótturfélags er gerður á grundvelli upphaflegs kostnaðarverðs. Í samstæðurreikningi eru fjárhæðir í efnahagsreikningi þess umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok júní, en fjárhæðir úr rekstrarreikningi eru umreiknaðar á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á endurmatsreikning. Hlutdeild móðurfélagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlendra hlutdeildarfélaga er færð með sambærilegum hætti.

6. Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismuni efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í árshlutareikningi.

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum

7. Árshlutareikningur erlends dótturfélags er nú gerður á grundvelli upphaflegs kostnaðarverðs. Í samstæðurreikningi eru fjárhæðir í efnahagsreikningi þess umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok júní, en fjárhæðir úr rekstrarreikningi eru umreiknaðar á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á endurmatsreikning. Áður voru reikningsskil erlends dótturfélags yfirfærð í íslenskar krónur miðað við hliðstæðar reikningsskilaaðferðir og forsendur og gilda um reikningsskil hér á landi, svo sem við útreikning á áhrifum verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins. Ef fylgt hefði verið sömu aðferð og áður hefði gjaldfærsla vegna áhrifa erlends dótturfélags á afkomu félagsins numið 106,1 millj. kr. og eignarhluturinn verið bókfærður á 363,7 millj. kr. í lok tímabilsins.

   Hlutdeild móðurfélagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlendra hlutdeildarfélaga hefur verið breytt með sambærilegum hætti. Hlutdeild félagsins í hagnaði félaganna nemur 17,6 millj. kr. en hefði numið 58,8 millj. kr. lægri fjárhæð miðað við óbreytta reikningsskilaaðferð. Bókfært verð eignarhluta í félögunum nemur 157,5 millj. kr. en hefði numið 114,8 millj. kr. miðað við óbreytta reikningsskilaaðferð.

### Óefnislegar eignir

8. Á liðinn óefnislegar eignir eru færðar aflaheimildir auk yfirverðs vegna fjárfestingar í eignarhlut í dótturfélagi, sem tengist fjárfestingum í fyrrgreindum eignum. Bókfært verð þessara eigna samstæðunnar/móðurfélagsins nam í lok júní 3.383,4/2.715,9 millj. kr. og eru aflaheimildir gjaldfærðar á tólf og hálfu ári en yfirverð vegna dótturfélags, sem einkum er tilkomið vegna aflaheimilda og veiðileyfa, er fært til gjalda á tuttugu árum. Aflaheimildir dótturfélags í fiskveiðilögsögu erlendis eru færðar til eignar meðal varanlegra fastafjármuna og eru ekki afskrifaðar í árshlutareikningi dótturfélagsins. Við gerð samstæðureiknings Samherja hf. eru þessar aflaheimildir afskrifaðar með sama hætti og í árshlutareikningi móðurfélagsins. Hreyfingar tímabilsins greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Bókfært verð 1.1.2001 | 3.364.125 | 2.739.539 |
| Endurmat á tímabilinu | 199.516 | 136.719 |
| Gjaldfært á tímabilinu | ( 180.291) | ( 160.325) |
| Bókfært verð 30.6.2001 | 3.383.350 | 2.715.933 |

9. Aflaheimildir móðurfélagsins í íslenskri landhelgi greinast þannig eftir tegundum:

| | Úthlutaðar aflaheimildir | Eftirstöðvar 30.6.2001 |
|---|---|---|
| Þorskur | 13.428 | 2.324 |
| Ýsa | 1.508 | 442 |
| Ufsi | 1.445 | 617 |
| Karfi | 4.951 | 1.578 |
| Steinbítur | 170 | 200 |
| Grálúða | 2.463 | 223 |
| Koli | 143 | 127 |
| Úthafsrækja | 2.753 | 1.835 |
| Síld | 14.639 | 1.150 |
| Loðna | 98.244 | |
| Samtals | 139.744 | 8.496 |
| Aflaheimildir í þorskígildum | 29.559 | 6.386 |

Útreikningur á þorskígildum miðast við margfeldisstuðla sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu.

Til viðbótar ofangreindum aflaheimildum móðurfélagsins hefur félagið rétt til veiða á 1.247 tonnum á Flæmska hattinum, til veiða á 13.371 tonni af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum og 5.504 tonnum af karfa á Reykjaneshrygg. Eftirstöðvar úthafskarfa 30. júní eru 3.726 tonn. Félagið hefur einnig aflaheimildir í þorski við Noreg, 348 tonn slægð, og við Rússland, 217 tonn slægð. Eftirstöðvar í lok júní við Noreg og Rússland eru 694 tonn. Jafnframt hefur félagið rétt til veiða á kolmunna í íslenskri og færeyskri lögsögu.

Áætlaður nýtanlegur afli Onward Fishing Company Ltd. á árinu 2001 greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Þorskur | 1.032 |
| Ýsa | 241 |
| Ufsi | 34 |
| Karfi | 327 |
| Grálúða | 17 |
| Samtals | 1.651 |

Ofantaldar heimildir eru við Noreg, Svalbarða og hluti karfans er við Ísland. Onward Fishing Company Ltd. hefur að auki heimild til að veiða 647 tonn af bolfiski í Norðursjó og fær einnig úthlutað 92 sóknardögum til rækjuveiða við Svalbarða.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

10. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

| **Samstæða:** | Fasteignir | Fiskiskip | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2001 | 1.521.480 | 9.031.964 | 2.745.008 | 13.298.452 |
| Afskriftir samtals 1.1.2001 | ( 776.678) | (4.188.469) | (1.842.519) | (6.807.666) |
| Bókfært verð 1.1.2001 | 744.802 | 4.843.495 | 902.489 | 6.490.786 |
| Endurmat á tímabilinu | 38.295 | 217.870 | 44.471 | 300.636 |
| Viðbót á tímabilinu | 21.947 | 67.238 | 1.394 | 90.579 |
| Selt á tímabilinu | | ( 219.559) | ( 12.000) | ( 231.559) |
| Afskrifað á tímabilinu | ( 22.891) | ( 197.279) | ( 97.437) | ( 317.607) |
| Bókfært verð 30.6.2001 | 782.153 | 4.711.765 | 838.917 | 6.332.835 |
| Afskriftahlutföll | 2-4% | 5-33% | 12-33% | |

| **Móðurfélag:** | Fasteignir | Fiskiskip | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2001 | 1.521.480 | 8.765.453 | 2.744.336 | 13.031.269 |
| Afskriftir samtals 1.1.2001 | ( 776.678) | (4.158.239) | (1.842.101) | (6.777.018) |
| Bókfært verð 1.1.2001 | 744.802 | 4.607.214 | 902.235 | 6.254.251 |
| Endurmat á tímabilinu | 38.295 | 234.592 | 43.531 | 316.418 |
| Viðbót á tímabilinu | 21.947 | 67.238 | 1.263 | 90.448 |
| Selt á tímabilinu | | | ( 12.000) | ( 12.000) |
| Afskrifað á tímabilinu | ( 22.891) | ( 197.279) | ( 97.286) | ( 317.456) |
| Bókfært verð 30.6.2001 | 782.153 | 4.711.765 | 837.743 | 6.331.661 |
| Afskriftahlutföll | 2-4% | 6-33% | 12-33% | |

11. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar/móðurfélagsins nema 497,9/477,8 millj. kr. og greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 10 | 317.607 | 317.456 |
| Gjaldfærsla aflaheimilda, sbr. skýringu 8 | 180.291 | 160.325 |
| Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi | 497.898 | 477.781 |

12. Í febrúar seldi dótturfélagið Onward Fishing Company Ltd. fiskiskipið MV Onward Highlander. Söluverð skipsins var 113,1 millj. kr. og nemur bókfært tap af sölunni 119,4 millj. kr. Í lok júní 2001 átti félagið þrettán fiskiskip og nam bókfært verð þeirra 4.711,8 millj. kr. Bókfært verð skipa og vátryggingarverðmæti þeirra greinast þannig í lok júní:

| **Móðurfélag:** | Vátryggingar-verð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Akureyrin EA 110 | 604.787 | 259.526 |
| Baldvin Þorsteinsson EA 10 | 950.083 | 468.804 |
| Björgúlfur EA 312 | 183.467 | 206.043 |
| Björgvin EA 311 | 459.686 | 448.356 |
| Hríseyjan EA 410 | 100.000 | 39.426 |
| Kambaröst SU 200 | 256.312 | 119.558 |
| Margrét EA 710 | 301.274 | 116.376 |
| Oddeyrin EA 210 | 151.441 | 144.982 |
| Seley SU 210 | 200.000 | 191.288 |
| Sæþór EA 101 | 146.292 | 101.989 |
| Vilhelm Þorsteinsson EA 11 | 1.600.000 | 1.786.745 |
| Víðir EA 910 | 522.317 | 160.907 |
| Þorsteinn EA 810 | 760.340 | 667.765 |
| Samtals | 6.235.999 | 4.711.765 |

13. Vátryggingarverð véla, áhalda og tækja samstæðunnar/móðurfélagsins nam 2.801,9/2.801,9 millj. kr. í lok júní. Vátryggingarverð afla og veiðarfæra nam allt að 700,8/700,8 millj. kr. á sama tíma. Afurðir og hráefni í landi eru að auki vátryggð fyrir 1.887,5/1.887,5 millj. kr. í lok júní.

14. Fasteignir samstæðunnar í lok júní greinast þannig:

| | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Verksmiðjuhús og verkstæði Laufásgötu, Akureyri | 149.240 | 754.941 | 105.583 |
| Verksmiðjuhús o.fl., Dalvík | 226.243 | 687.967 | 417.268 |
| Verksmiðjuhús o.fl., Grindavík | 152.369 | 565.568 | 163.478 |
| Verksmiðjuhús o.fl., Eskifirði | 15.868 | 53.818 | 22.624 |
| Verksmiðjuhús o.fl., Árskógssandi | 37.121 | 118.494 | 34.362 |
| Verksmiðjuhús o.fl., Hrísey | 62.443 | 277.831 | 10.608 |
| Verksmiðjuhús o.fl., Ólafsvík | 154.307 | 569.938 | 10.520 |
| Verksmiðjuhús o.fl., Stöðvarfirði | 100.623 | 350.589 | 17.710 |
| | 898.214 | 3.379.146 | 782.153 |

## Áhættufé í öðrum félögum

15. Félagið átti eitt dótturfélag, Onward Fishing Company Ltd., í lok júní og nam tap þess 46,8 millj. kr. á tímabilinu, samkvæmt rekstrarreikningi þess. Til viðbótar kemur afskrift af yfirverði hlutafjár við kaup að fjárhæð 11,4 millj .kr. og eru því 58,2 millj. kr. færðar til gjalda í rekstrarreikningi.

16. Félagið átti eignarhluti í þrettán hlutdeildarfélögum í lok júní. Á tímabilinu fjárfesti félagið í 45,3 % eignarhlut í Silfurstjörnunni hf., 18,0% í Sæsilfri hf. og 8,0% í Snæfugli ehf. Þá fjárfesti dótturfélagið Onward Fishing Company Ltd. 33,3% eignarhlut í félaginu Ulloriaq.

Eignarhlutir í Framherja Sp/f., FAB GmbH., Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., Rifi ehf., Kaldbaki hf., Seagold Ltd., og Íslandslaxi hf. eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð í árshlutareikninginn en eignarhlutir í öðrum hlutdeildarfélögum hafa óveruleg áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning og því eru áhrif þeirra ekki meðtalin í árshlutareikningnum. Hlutdeildarfélög móðurfélagsins greinast þannig í lok júní:

| **Í eigu móðurfélags:** | Eignar-hluti | Bókfært verð | Fært í rekstrar-reikning |
|---|---|---|---|
| Framherji Sp/f., Færeyjum | 30,0% | 35.321 | 31.951 |
| FAB GmbH., Þýskalandi | 35,0% | 79.654 | ( 18.444) |
| Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. | 27,6% | 245.400 | ( 43.224) |
| Rif ehf., Hrísey | 49,0% | 58.075 | ( 7.079) |
| Kaldbakur hf., Akureyri | 50,0% | 60.130 | ( 50.599) |
| Seagold Ltd., Bretlandi | 50,0% | 42.486 | 4.067 |
| Íslandslax hf., Grindavík | 50,0% | 182.938 | ( 25.472) |
| Silfurstjarnan hf., Öxarfirði | 48,4% | 120.105 | |
| Snæfugl ehf., Fjarðabyggð | 55,0% | 85.563 | |
| Sæsilfur hf., Fjarðabyggð | 53,0% | 83.462 | |
| SNS holding Ltd., Kanada | 43,2% | 59.461 | |
| Fell Ltd., Reykjavík | 50,0% | 31.827 | |
| Víkurlax ehf., Grýtubakkahreppi | 85,0% | 2.828 | |
| | | 1.087.250 | ( 108.800) |
| **Í eigu dótturfélags:** | | | |
| Ulloriaq, Grænland | 33,3% | 55.037 | |
| | | 1.142.287 | ( 108.800) |

17. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| | Eignar-hluti | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Fiskeldi Eyjafjarðar hf. | 16,5% | 192.026 |
| Genís hf. | 18,5% | 158.593 |
| Íslandsfugl ehf. | 13,3% | 17.085 |
| SÍF hf. | 1,2% | 51.782 |
| Önnur félög | | 68.406 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals | | 487.892 |

## Langtímakröfur

18. Yfirlit um lán til dóttur- og hlutdeildarfélaga:

| Lánin greinast þannig eftir gjaldmiðlum: | Vextir | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|---|
| Kröfur í ISK | 10,0% | 91.336 | 91.336 |
| Kröfur í GBP | | | 188.650 |
| | | 91.336 | 279.986 |
| Næsta árs afborganir | | ( 10.369) | ( 27.999) |
| Lán til dóttur- og hlutdeildarfélaga í efnahagsreikningi samtals | | 80.967 | 251.988 |

## Eigið fé

19. Hlutafé félagsins nemur 1.660,0 millj. kr. samkvæmt samþykktum þess og eru eigin hlutabréf félagsins 4,1 millj. kr. Hlutafé í lok júní 2001 nemur því 1.655,9 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

20. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| **Samstæða/móðurfélag:** | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Endurmats-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2001 | 1.655.893 | 730.338 | 149.092 | 176.503 | 2.693.129 | 5.404.955 |
| Arður til hluthafa | | | | | ( 248.357) | ( 248.357) |
| Tap tímabilsins | | | | | ( 345.005) | ( 345.005) |
| Endurmatshækkun eigna | | | 513.715 | | | 513.715 |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga | | | ( 290.800) | | | ( 290.800) |
| Endurmat eigin fjár | | | ( 119.243) | | 119.243 | |
| Eigið fé 30.6.2001 | 1.655.893 | 730.338 | 252.764 | 176.503 | 2.219.010 | 5.034.508 |

21. Eigið fé félagsins í ársbyrjun 2001 nam 5.404,9 millj. kr., sem jafngildir 5.685,8 millj. kr. í lok júní miðað við 5,2% verðlagsbreytingu innan tímabilsins. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 5.034,5 millj. kr. í lok júní eða 651,3 millj. kr. lægri fjárhæð en í ársbyrjun miðað við verðlag í lok júní 2001. Breytingin greinist þannig:

| | Samkvæmt árshlutareikningi | Á verðlagi 30.06.2001 |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2001 | 5.404.955 | 5.685.767 |
| Arður til hluthafa | ( 248.357) | ( 257.063) |
| Tap tímabilsins | ( 345.005) | ( 357.099) |
| Endurmat eigna að frádreginni verðbreytingarfærslu | 222.915 | |
| Mismunur á eignum sem ekki fylgja verðlagsbreytingum tímabilsins | | ( 37.097) |
| Eigið fé 30.6.2001 | 5.034.508 | 5.034.508 |

## Skuldbindingar

22. Tekjuskattsskuldbinding móðurfélagsins nam 560,1 millj. kr. í lok júní samkvæmt efnahagsreikningi. Breyting skuldbindingarinnar á tímabilinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2001 | 583.397 |
| Tekjuskattur af reglulegri starfsemi | ( 53.608) |
| Reiknaðar verðbætur | 30.310 |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok júní 2001 | 560.099 |

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | |
|---|---|
| Óefnislegar eignir | 529.264 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 375.363 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 393.054 |
| Yfirfæranlegt tap | ( 635.489) |
| Aðrir liðir | ( 102.093) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok júní 2001 | 560.099 |

## Langtímaskuldir

23. Yfirlit um langtímaskuldir móðurfélagsins:

| | |
|---|---|
| Innlendar lánastofnanir | 5.776.712 |
| Erlendar lánastofnanir | 1.856.264 |
| Skuldabréfaútboð | 637.865 |
| Aðrar langtímaskuldir | 244.258 |
| Langtímaskuldir alls, þar með taldar næsta árs afborganir | 8.515.099 |
| Næsta árs afborganir | (1.049.049) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 7.466.050 |

24. Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum og verðtryggingu:

| | |
|---|---|
| Lán í DEM | 308.044 |
| Lán í GBP | 803.200 |
| Lán í JPY | 3.049.185 |
| Lán í CHF | 598.969 |
| Lán í USD | 2.155.712 |
| Lán í EUR | 221.535 |
| Lán í RFI | 338.417 |
| Lán í öðrum gjaldmiðlum | 39.551 |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum samtals | 7.514.613 |
| Skuldir bundnar innlendri vísitölu | 1.000.486 |
| Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir | 8.515.099 |

25. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok júní 2001 greinast þannig á næstu ár.

| | |
|---|---|
| Árið 2001 til ársloka | 708.787 |
| Árið 2002 | 1.026.403 |
| Árið 2003 | 1.930.167 |
| Árið 2004 | 904.777 |
| Árið 2005 | 845.296 |
| Síðar | 3.099.669 |
| Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir | 8.515.099 |

## Skattamál

26. Yfirfæranlegt skattalegt tap í lok júní nemur 2.118,4 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan átta ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í lok júní er nýtanlegt sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Tap ársins 1993, nýtanlegt til ársloka 2001 | 120.209 |
| Tap ársins 1994, nýtanlegt til ársloka 2002 | 65.531 |
| Tap ársins 1995, nýtanlegt til ársloka 2003 | 25.236 |
| Tap ársins 1996, nýtanlegt til ársloka 2004 | 325.638 |
| Tap ársins 1997, nýtanlegt til ársloka 2005 | 777.297 |
| Tap ársins 1998, nýtanlegt til ársloka 2006 | 306.181 |
| Tap ársins 2000, nýtanlegt til ársloka 2008 | 277.178 |
| Tap 1. janúar til 30. júní 2001, nýtanlegt til ársloka 2009 | 221.109 |
| | 2.118.379 |

### Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

27. Eftirtaldar eignir samstæðunar/móðurfélagsins, sem bókfærðar eru á 6.332,8/6.331,7 millj. kr. í lok júní, eru veðsettar til tryggingar langtímaskuldum, sem námu 6.130,7/5.936,4 millj. kr. á sama tíma:

| | Bókfært verð | Eftirstöðvar veðlána |
|---|---|---|
| **Samstæða:** | | |
| Fiskiskip | 4.711.765 | 5.279.033 |
| Fasteignir og vélar | 1.621.070 | 851.701 |
| Samtals | 6.332.835 | 6.130.734 |
| **Móðurfélag:** | | |
| Fiskiskip | 4.711.765 | 5.279.033 |
| Fasteignir og vélar | 1.619.896 | 657.388 |
| Samtals | 6.331.661 | 5.936.421 |

Auk þess eru eignir móðurfélagsins veðsettar til tryggingar langtímaskuldum, sem námu 341,1 millj. kr. vegna leiguskips samstæðunnar. Á eignir móðurfélagsins er þinglýst tryggingarbréfum að fjárhæð 1.570,7 millj. kr. í lok júní. Auk þess er móðurfélagið í ábyrgðum vegna skuldbindinga dótturfélags, sem námu 197,5 millj. kr. á sama tíma.

28. Félagið hefur gert gjaldeyrissamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta og gengisáhættu sína.

Samningarnir eru gerðir til að takmarka gengisáhættu eigna og skulda. Hér er annars vegar um að ræða samninga sem gerðir eru vegna skuldasamsetningar félagsins og hins vegar samninga vegna væntanlegra greiðslna vegna útflutnings félagsins. Raunstaða samninganna í lok júní 2001 er neikvæð um 520,9 millj. kr., þar af hefur félagið fært 229,8 millj. kr. til skuldar í efnahagsreikningi. Mismunurinn verður færður í rekstrarreikningi í samræmi við greiðslur vegna útflutnings félagsins.

Félagið hefur gert mynt og vaxtaskiptasamninga til að takmarka gengis og vaxtaáhættu sína. Grunnfjárhæð samninganna nemur 819,6 millj. kr. í lok júní og nýta þeir vaxtamun milli innlendra verðbréfa og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Raunstaða samninganna í lok júní 2001 nemur 135,7 millj. kr. sem færð er til skuldar í efnahagsreikningi í lok tímabilsins.

### Önnur mál

29. Dótturfélag félagsins, Onward Fishing Company Ltd. í Bretlandi, hefur fiskiskipið Snæfugl SU-20 á leigu og mun félagið hafa það til afnota til loka ágúst 2001.

30. Í lok júlí seldi félagið Sæþór EA-101 og nam söluverð skipsins 65,0 millj. kr. Bókfært verð skipsins í lok júní nemur 102,0 millj. kr. og nemur því tap af sölunni 37,0 millj. kr. Tapið hefur ekki verið fært í árshlutareikninginn.

31. Í júlí stofnaði félagið dótturfélagið Hjalteyrin ehf. en fyrirhugað er að félagið kaupi fiskiskipið Köpu af hlutdeildarfélaginu Felli Ltd. og geri það út.

32. Í júlí stofnaði félagið, ásamt Síldarvinnslunni hf., félagið Sæblikann ehf. og á hvort félag 50% eignarhlut.